Hagtíðindi
Statistical Series

Heilbrigðis- félags- og dómsmál
Health, social affairs, justice

2007:2 • 23. febrúar 2007

# Héraðsdómar 2006

*District Courts 2006*

*Samantekt*

Töflur í riti þessu sýna fjölda mála hjá héraðsdómstólum og afgreiðslu þeirra á árinu 2006. Stærstu málaflokkarnir við héraðsdómstólana eru annars vegar almenn einkamál, sem skiptast í munnlega flutt mál og útivistarmál og hins vegar opinber mál sem skiptast í ákærumál og sektarboðsmál. Eðli málsins samkvæmt eru upplýsingar um fjölda og meðferð mála í almennum einkamálum og opinberum málum umfangsmestar í því efni sem hér birtist. Þriðji stærsti málaflokkurinn eru gjaldþrotamál.

Almenn einkamál sem voru afgreidd frá héraðsdómstólum landsins á árinu 2006 voru 12.787 talsins, þar af voru 11.589 útivistarmál en fjöldi þeirra sveiflast mikið milli ára og til samanburðar afgreiddu héraðsdómstólar 24.367 útivistarmál árið 2002, sem er mesti fjöldi á því tímabili sem hér er til skoðunar. Fjöldi munnlega fluttra einkamála er hins vegar stöðugri milli ára og voru 1.198 slík mál afgreidd frá héraðsdómstólum árið 2006. Um 70% allra almennra einkamála er afgreiddur í Héraðsdómi Reykjavíkur, um 15% í Héraðsdómi Reykjaness og álíka hlutfall fyrir alla aðra héraðsdómstóla á landinu og hefur það hlutfall haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár.

Opinber mál sem afgreidd voru hjá héraðsdómstólum árið 2006 voru 6.631 talsins. Rúmlega 98% þessara mála hafa komið frá lögreglustjóraembættum hin síðari ár, en 1–2% eða rúmlega 100 mál á ári frá ríkissaksóknara.

Úrskurðir í gjaldþrotamálum voru samtals 681 árið 2006, þar af voru úrskurðir vegna einstaklinga 115 talsins, en gjaldþrotaúrskurðir um lögaðila voru 566.

Önnur mál sem upplýsingar eru birtar um eru m.a. skipti á dánarbúum, rannsóknarúrskurðir, fjöldi aðfararbeiðna og fjöldi ýmissa annarra smærri mála sem berast héraðsdómstólum.

Hagstofa Íslands

**Mynd 1. Einkamál, opinber mál og gjaldþrotaúrskurðir 1993–2006**
*Figure 1. Civil cases, criminal cases and bankruptcy orders 1993–2006*




*Forsaga*

Fyrir 1. júlí 1992 gegndu sýslumenn og bæjarfógetar hlutverki lögreglustjóra, voru innheimtumenn ríkissjóðs og jafnframt dómarar og fóru þannig bæði með dómsvald og umboðsvald utan Reykjavíkur. Í Reykjavík fóru borgardómaraembættið, sakadómur Reykjavíkur og borgarfógetaembættið með dómsvald. Hinn 1. júlí 1992 tóku gildi lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989. Breytingin fól í sér að eiginleg dómsmál voru frá þeim tíma falin átta héraðsdómstólum. Þeir eru kenndir við umdæmi sín sem eru Reykjavík, Reykjanes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Hagstofan hefur safnað upplýsingum um málafjölda og meðferð mála hjá héraðsdómstólum og hafa þær birst í Hagtíðindum árin 1997–2004. Upplýsingar fyrir árin 2004 og 2005 er hins vegar einungis að finna á vef Hagstofunnar, www.hagstofa.is/domsmal.

## Almenn einkamál

Einkamál skiptast í fjölmarga undirflokka, en í þessum málum eru það einstaklingarnir sjálfir, eða persónur að lögum, sem höfða mál, gera kröfur, ákveða hvaða gögn skuli lögð fram og hvernig á þeim skuli byggt. Almenn einkamál eru stærsti flokkurinn og skiptast þau í munnlega flutt mál og útivistarmál. Útivistarmál nefnast þau mál þar sem sóknaraðili eða varnaraðili sækir ekki dómþing, eða hvorugur.

*Munnlega flutt mál og útivistarmál*

Fjöldi munnlega fluttra einkamála hefur verið nokkuð stöðugur fyrstu 14 starfsár héraðsdómstólanna, (mynd 2). Fæst voru innkomin mál á árinu 1999 en fór síðan fjölgandi fram til 2003–2004, en hefur eilítið fækkað síðan þá. Meiri sveiflur eru á fjölda útivistarmála og fjölgaði þeim mjög frá árinu 1997 og fram til ársins 2002 en það ár voru þau fleiri en nokkru sinni frá því héraðsdómstólarnir tóku til starfa. (mynd 3). Mikill meirihluti þessara mála eru til komin vegna vanskila og svo virðist sem fjöldi þeirra fari eftir efnahagsástandi í landinu og þróun útlána og vanskila. Á myndunum sést einnig að næstum öll útivistarmál eru afgreidd innan hvers árs og um 84% þeirra mála voru afgreidd innan mánaðar á árinu 2006, en það hlutfall hefur flest árin verið um 60–75%. Málatími munnlega fluttra mála er hins vegar mun lengri (sjá einnig töflur 2 og 3).

**Mynd 2. Munnlega flutt mál 1993-2006**
*Figure 2. Oral proceedings 1993-2006*




**Mynd 3. Útivistarmál 1993-2006**
*Figure 3. Default proceedings 1993-2006*




Um 65–70% munnlega fluttra mála hafa verið afgreidd innan 9 mánaða flest árin, en árin 2005 og 2006 voru þó einungis 53-56% munnlega fluttra mála afgreidd innan þess tíma, sem er svipað hlutfall og var fyrstu þrjú árin sem héraðsdómarnir störfuðu. Um 70% allra almennra einkamála á þessu tímabili hafa verið afgreidd í Héraðsdómi Reykjavíkur og á það bæði við um munnlega flutt mál og útivistarmál (myndir 4 og 5). Um 15% almennra einkamála hafa verið afgreidd í Héraðsdómi Reykjaness þessi ár, en hlutur annarra dómstóla er mun minni. Um og yfir helmingi munnlega fluttra mála lýkur með dómi, en útivistarmálum lýkur ekki með dómi nema í um 4-6% tilfella á tímabilinu 1993–2006. Um og yfir 70% útivistarmála lýkur hins vegar með áritun, sem hefur sömu réttarverkun og dómur (tafla 4). Vakin skal athygli á því varðandi töflur um almenn einkamál, að ekki er ávallt ljóst í upphafi hvort mál verði flokkað sem útivistarmál eða verði munnlega flutt. Getur þetta haft þau áhrif að mál, sem flokkað er sem útivistarmál eitt ár, flokkist sem

munnlega flutt árið eftir. Slíkt leiðir óhjákvæmilega til ósamræmis í fjölda óafgreiddra mála í lok árs og í byrjun næsta árs.

**Mynd 4. Afgreiðsla munnlega fluttra mála 1993–2006**
*Figure 4. Oral proceedings 1993–2006*




**Mynd 5. Afgreiðsla útivistarmála 1993–2006**
*Figure 5. Default proceedings 1993–2006*




## Opinber mál

*Mál frá ríkissaksóknara eða lögreglustjórum*

Opinber mál nefnast þau mál er handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt. Opinberum málum er hér skipt í mál frá *ríkissaksóknara* og mál frá *lögreglustjórum*. Tafla 5 sýnir fjölda mála á árinu 2006, en miklar sveiflur hafa verið á tímabilinu 1993–2006 í fjölda þeirra (myndir 6 og 7). Frá og með árinu 1997 fækkaði málum frá ríkissaksóknara mjög mikið, sem rekja má til laga nr. 84/1996 sem breyttu lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála á þann veg að lögreglustjórum var veitt ákæruvald í fleiri brotaflokkum en áður. Með lögum nr. 31/1998 var gerð sú breyting á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að

ef sakborningur sinnir ekki sektarboði lögreglu innan 30 daga er heimilt að senda málið héraðsdómara til ákvörðunar um sekt og vararefsingu. Dómari tekur þá ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra og hefur slík áritun sama gildi og dómur. Þessi mál eru flokkuð sem opinber mál hjá héraðsdómstólunum og skýrir tilkoma þeirra mikla fjölgun mála frá lögreglustjórum frá árinu 1998.

**Mynd 6. Mál frá ríkissaksóknara 1993–2006**
*Figure 6. Criminal cases filed by the Prosecutor General 1993–2006*




**Mynd 7. Mál frá lögreglustjórum 1993–2006**
*Figure 7. Criminal cases filed by Police Commissioners 1993–2006*




Langflest opinber mál eru afgreidd innan eins árs, yfir 95% mála frá ríkissaksóknara og næstum öll mál frá lögreglustjórum. Málatími mála frá ríkissaksóknara hefur hins vegar lengst á tímabilinu og það gerðist jafnframt varðandi málatíma mála frá lögreglustjórum um tíma, en frá og með árinu 2004 hefur málatími þeirra mála styst aftur, eins og fram kemur í töflu 6, sem sýnir þróun frá 1993. Opinberum málum frá ríkissaksóknara lýkur í 80–94% tilfella með

dómum en allt að ríflega 70% mála frá lögreglustjórum hefur lokið með árituðum sektarboðum frá árinu 1998, sbr. það sem áður hefur komið fram um lög nr. 84/1996, (sjá töflu 7). Málum frá lögreglustjórum sem enda með dómi virðist þó fjölga hlutfallslega á ný á allra síðustu árum. Yfir helmingur mála frá ríkissaksóknara hafa verið dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur á tímabilinu. Hlutfall Héraðsdóms Reykjavíkur í afgreiðslu mála frá lögreglustjórum er hins vegar 41%, sjá myndir 8 og 9. Í Héraðsdómi Reykjaness hafa 19% heildarfjölda mála frá ríkissaksóknara verið afgreidd og 27% mála frá lögreglustjórum.

**Mynd 8. Afgreiðsla mála frá ríkissaksóknara 1993–2006**
*Figure 8. Criminal cases filed by the Prosecutor General 1993–2006*




**Mynd 9. Afgreiðsla mála frá lögreglustjórum 1993–2006**
*Figure 9. Criminal cases filed by Police Commissioners 1993–2006*




## Önnur mál

*Gjaldþrotamál*

Af öðrum málaflokkum eru gjaldþrotamál einna fyrirferðarmest. Þeim er hér skipt í gjaldþrotamál einstaklinga og gjaldþrotamál lögaðila. Á tímabilinu 1993–2006

náðu gjaldþrotaúrskurðir einstaklinga hámarki á árinu 1995 og voru þá 871 talsins. Síðan hefur þeim stöðugt fækkað og eru fæstir á árinu 2006, 115 talsins. Gjaldþrotaúrskurðir lögaðila á þessu tímabili voru hins vegar flestir á árinu 2003, en voru í lágmarki árin 1997–1999, (mynd 10). Sjá einnig töflur 8 og 9 um afgreiðslu mála árið 2006, en þar kemur fram, sem á við öll árin, að fjöldi krafna til héraðsdómstóla um gjaldþrotaskipti er mun fleiri en úrskurðir og er mikið um að kröfur séu afturkallaðar.

**Mynd 10. Úrskurðir um gjaldþrot 1993–2006**
*Figure 10. Bankruptcy orders 1993–2006*




*Rannsóknarúrskurðir*

Undir þennan flokk eru felld ýmiss konar mál sem dómstólar fá til meðferðar í tengslum við lögreglurannsóknir. Hér er þessum málum skipt í gæsluvarðhald, húsleit, handtöku og annað, en þar á meðal eru úrskurðir um hlerun, svo og skýrslutökur af börnum vegna kynferðisbrota. Mikla aukningu í því sem fellur undir annað má m.a. rekja til laga nr. 36/1999 sem breyttu lögum um meðferð opinberra mála á þann hátt að dómurum var falið að annast skýrslutökur af börnum vegna rannsókna á meintum kynferðisbrotum. Þá hefur úrskurðum um símhleranir og þess háttar aðgerðir í tengslum við rannsókn umfangsmikilla fíkniefnabrota fjölgað verulega á síðustu árum. Sjá mynd 11 og töflu 11 sem sýnir innkomin mál á árinu 2006.

**Mynd 11. Rannsóknarúrskurðir, fjöldi innkominna mála 1993–2006**
*Figure 11. Criminal investigation court orders, received cases 1993–2006*




*Aðrir smærri málaflokkar*

Tafla 10 sýnir opinber skipti á dánarbúum, fjárslit hjóna, sambúðarfólks og félaga á árinu 2006. Tafla 12 sýnir fjölda aðfararbeiðna á árinu 2006 og töflur 13 og 14 sýna fjölda innkominna mála í ýmsum öðrum málaflokkum. Varðandi tölur fyrir fyrri ár er hér ítrekað vísað til vefs Hagstofunnar www.hagstofa.is/domsmal.

**Tafla 1. Afgreidd mál frá héraðsdómum 1993–2006**
*Table 1. Cases concluded in District Courts 1993–2006*

| | 1993 | 1995 | 1997 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Almenn einkamál** ***Civil cases*** | | | | | | | | | | | |
| Alls *Total* | 13.604 | 10.741 | 8.773 | 10.698 | 13.645 | 19.584 | 25.678 | 22.397 | 17.106 | 13.138 | 12.787 |
| Munnlega flutt mál *Oral proceedings* | 1.381 | 1.129 | 1.097 | 1.003 | 1.091 | 1.265 | 1.311 | 1.312 | 1.378 | 1.192 | 1.198 |
| Útivistarmál *Default proceedings* | 12.223 | 9.612 | 7.676 | 9.695 | 12.554 | 18.319 | 24.367 | 21.085 | 15.728 | 11.946 | 11.589 |
| **Opinber mál** ***Criminal cases*** | | | | | | | | | | | |
| Alls *Total* | 1.704 | 2.401 | 1.867 | 7.460 | 6.820 | 7.821 | 9.653 | 9.143 | 8.531 | 6.159 | 6.631 |
| Frá ríkissaksóknara *From the State Prosecutor* | 794 | 710 | 451 | 108 | 114 | 105 | 124 | 116 | 122 | 111 | 153 |
| Frá lögreglustjórum *From Police Commissioners* | 910 | 1.691 | 1.416 | 7.352 | 6.706 | 7.716 | 9.529 | 9.027 | 8.409 | 6.048 | 6.478 |
| **Gjaldþrotaúrskurðir** ***Bankruptcy orders*** | | | | | | | | | | | |
| Alls *Total* | 935 | 1.283 | 726 | 671 | 769 | 671 | 938 | 1.078 | 891 | 737 | 681 |
| Einstaklingar *Of individuals* | 414 | 871 | 474 | 420 | 464 | 296 | 365 | 390 | 275 | 196 | 115 |
| Lögaðilar *Of legal persons* | 521 | 412 | 252 | 251 | 305 | 375 | 573 | 688 | 616 | 541 | 566 |

**Tafla 2. Almenn einkamál 2006**
*Table 2. Civil cases 2006*

| | Fjöldi mála til afgreiðslu *Number of cases before District Courts* | | | | | Hlutfallsleg skipting, % *Percent distribution* | | Skipting mála milli dómstóla *Distribution between courts, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls *Total* | Innkomin mál *Cases received* | Eldri mál *Older cases* | Afgreidd *Concluded* | Óafgreidd *Pending* | Afgreidd *Concluded* | Óafgreidd *Pending* | |
| **Samtals einkamál** | | | | | | | | |
| ***Total civil cases*** | | | | | | | | |
| **Samtals *Total*** | **14.265** | **12.864** | **1.401** | **12.787** | **1.478** | **89,6** | **10,4** | **100,0** |
| Reykjavík *Reykjavik* | 8.799 | 7.860 | 939 | 7.869 | 930 | 89,4 | 10,6 | 61,7 |
| Reykjanes *Reykjanes* | 2.569 | 2.379 | 190 | 2.280 | 289 | 88,8 | 11,2 | 18,0 |
| Vesturland *West* | 482 | 460 | 22 | 414 | 68 | 85,9 | 14,1 | 3,4 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 255 | 214 | 41 | 219 | 36 | 85,9 | 14,1 | 1,8 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 202 | 184 | 18 | 185 | 17 | 91,6 | 8,4 | 1,4 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 722 | 662 | 60 | 676 | 46 | 93,6 | 6,4 | 5,1 |
| Austurland *East* | 375 | 328 | 47 | 355 | 20 | 94,7 | 5,3 | 2,6 |
| Suðurland *South* | 861 | 777 | 84 | 789 | 72 | 91,6 | 8,4 | 6,0 |
| **Munnlega flutt mál** | | | | | | | | |
| ***Orally pleaded*** | | | | | | | | |
| **Samtals *Total*** | **1.879** | **1.170** | **709** | **1.198** | **671** | **63,8** | **35,7** | **100,0** |
| Reykjavík *Reykjavík* | 1.199 | 746 | 453 | 770 | 425 | 64,2 | 35,4 | 63,8 |
| Reykjanes *Reykjanes* | 320 | 224 | 96 | 191 | 124 | 59,7 | 38,8 | 17,0 |
| Vesturland *West* | 41 | 31 | 10 | 22 | 19 | 53,7 | 46,3 | 2,2 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 48 | 13 | 35 | 23 | 25 | 47,9 | 52,1 | 2,6 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 34 | 21 | 13 | 23 | 11 | 67,6 | 32,4 | 1,8 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 71 | 45 | 26 | 47 | 24 | 66,2 | 33,8 | 3,8 |
| Austurland *East* | 52 | 31 | 21 | 42 | 10 | 80,8 | 19,2 | 2,8 |
| Suðurland *South* | 114 | 59 | 55 | 80 | 33 | 70,2 | 28,9 | 6,1 |
| **Útivistarmál** | | | | | | | | |
| ***Concluded on the basis of default*** | | | | | | | | |
| **Samtals *Total*** | **12.386** | **11.694** | **692** | **11.589** | **807** | **93,6** | **6,5** | **100,0** |
| Reykjavík *Reykjavík* | 7.600 | 7.114 | 486 | 7.099 | 505 | 93,4 | 6,6 | 61,4 |
| Reykjanes *Reykjanes* | 2.249 | 2.155 | 94 | 2.089 | 165 | 92,9 | 7,3 | 18,2 |
| Vesturland *West* | 441 | 429 | 12 | 392 | 49 | 88,9 | 11,1 | 3,6 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 207 | 201 | 6 | 196 | 11 | 94,7 | 5,3 | 1,7 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 168 | 163 | 5 | 162 | 6 | 96,4 | 3,6 | 1,4 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 651 | 617 | 34 | 629 | 22 | 96,6 | 3,4 | 5,3 |
| Austurland *East* | 323 | 297 | 26 | 313 | 10 | 96,9 | 3,1 | 2,6 |
| Suðurland *South* | 747 | 718 | 29 | 709 | 39 | 94,9 | 5,2 | 6,0 |

**Tafla 3. Almenn einkamál. Hlutfall afgreiddra mála eftir málatíma 1993–2006**
*Table 3. Civil cases. Proportion of concluded cases by length of proceedings 1993–2006*

| | 0–3 mánuðir *months* | ≥3–6 mánuðir *months* | ≥ 6–9 mánuðir *months* | ≥ 9–12 mánuðir *months* | ≥ 1–2 ár *years* | ≥ 2–3 ár *years* | ≥ 3 ár *years* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Munnlega flutt mál** | | | | | | | |
| ***Orally pleaded*** | | | | | | | |
| 1993 | 8,4 | 22,4 | 18,7 | 13,3 | 31,1 | 4,1 | 2,1 |
| 1994 | 10,6 | 25,6 | 21,5 | 14,6 | 21,5 | 4,0 | 2,3 |
| 1995 | 9,1 | 24,5 | 23,9 | 15,2 | 18,4 | 5,5 | 3,3 |
| 1996 | 9,0 | 26,4 | 28,6 | 15,7 | 14,6 | 4,7 | 1,0 |
| 1997 | 12,7 | 25,7 | 28,8 | 15,9 | 13,9 | 1,7 | 1,4 |
| 1998 | 7,9 | 27,4 | 31,2 | 16,7 | 15,1 | 1,2 | 0,5 |
| 1999 | 8,3 | 26,5 | 32,7 | 16,7 | 13,3 | 1,9 | 0,7 |
| 2000 | 10,4 | 26,5 | 30,3 | 15,9 | 14,2 | 2,4 | 0,2 |
| 2001 | 8,9 | 28,7 | 30,5 | 15,1 | 14,1 | 1,3 | 1,4 |
| 2002 | 10,5 | 31,8 | 29,2 | 15,6 | 11,2 | 1,7 | 0,1 |
| 2003 | 9,7 | 27,0 | 28,6 | 17,3 | 16,0 | 1,3 | 0,2 |
| 2004 | 9,7 | 28,5 | 26,1 | 16,4 | 16,4 | 2,0 | 0,9 |
| 2005 | 9,1 | 25,3 | 21,7 | 16,4 | 22,3 | 4,6 | 0,5 |
| 2006 | 8,0 | 22,9 | 22,5 | 21,7 | 20,7 | 3,5 | 0,8 |
| **Útivistarmál** | 0–30 | 31–60 | 61–90 | ≥ 3–6 | ≥ 6–9 | ≥ 9–12 | ≥ 1 |
| ***Cases concluded on*** | dagar | dagar | dagar | mánuðir | mánuðir | mánuðir | ár |
| ***the basis of default*** | *days* | *days* | *days* | *months* | *months* | *months* | *year* |
| 1993 | 60,6 | 19,9 | 9,6 | 8,0 | 0,9 | 0,2 | 0,8 |
| 1994 | 67,5 | 14,9 | 7,5 | 7,8 | 1,7 | 0,5 | 0,2 |
| 1995 | 68,5 | 15,4 | 7,4 | 6,9 | 1,4 | 0,3 | 0,1 |
| 1996 | 71,6 | 13,5 | 6,7 | 6,3 | 1,3 | 0,4 | 0,2 |
| 1997 | 74,9 | 12,9 | 6,1 | 4,6 | 0,7 | 0,5 | 0,3 |
| 1998 | 74,5 | 13,1 | 7,7 | 4,1 | 0,4 | 0,0 | 0,0 |
| 1999 | 57,4 | 26,4 | 8,8 | 6,5 | 0,6 | 0,1 | 0,1 |
| 2000 | 53,5 | 26,8 | 11,1 | 7,0 | 1,4 | 0,1 | 0,1 |
| 2001 | 64,2 | 16,0 | 9,7 | 7,2 | 1,8 | 0,7 | 0,4 |
| 2002 | 75,6 | 11,5 | 6,3 | 4,7 | 0,8 | 0,4 | 0,6 |
| 2003 | 71,7 | 14,2 | 7,4 | 4,8 | 1,0 | 0,4 | 0,4 |
| 2004 | 67,2 | 15,8 | 8,9 | 6,4 | 1,0 | 0,3 | 0,4 |
| 2005 | 73,9 | 13,4 | 6,5 | 4,5 | 1,1 | 0,4 | 0,2 |
| 2006 | 83,6 | 9,2 | 3,5 | 3,1 | 0,4 | 0,1 | 0,1 |

**Tafla 4. Almenn einkamál. Afgreiðsla mála 2006**
*Table 4. Outcome of civil cases 2006*

| | Alls *Total* | Reykjavík *Reykjavík* | Reykjanes *Reykjanes* | Vesturland *West* | Vestfirðir *Westfjords* | Norðurland vestra *Northwest* | Norðurland eystra *Northeast* | Austurland *East* | Suðurland *South* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Munnlega flutt mál og útivistarmál** | | | | | | | | | |
| ***Oral and default proceedings*** | | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **12.787** | **7.869** | **2.280** | **414** | **219** | **185** | **676** | **355** | **789** |
| Dómar *Judgments* | 1.085 | 689 | 155 | 23 | 14 | 17 | 56 | 41 | 90 |
| Áritanir *Indorsements* | 8.906 | 5.327 | 1.586 | 337 | 175 | 144 | 512 | 264 | 561 |
| Frávísanir *Dismissals* | 109 | 35 | 13 | 4 | – | 3 | 23 | – | 31 |
| Sáttir *Conciliations* | 1.584 | 1.177 | 246 | 20 | 13 | 5 | 49 | 20 | 54 |
| Niðurfelld mál *Cases withdrawn* | 1.071 | 633 | 262 | 29 | 15 | 15 | 35 | 30 | 52 |
| Sameinuð mál *Cases consolidated* | 32 | 8 | 18 | 1 | 2 | 1 | 1 | – | 1 |
| **Munnlega flutt mál** | | | | | | | | | |
| ***Oral proceedings*** | | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **1.198** | **770** | **191** | **22** | **23** | **23** | **47** | **42** | **80** |
| Dómar *Judgments* | 659 | 411 | 91 | 14 | 9 | 12 | 33 | 36 | 53 |
| Áritanir *Indorsements* | 1 | – | – | – | – | 1 | – | – | – |
| Frávísanir *Dismissals* | 48 | 34 | 11 | 1 | – | – | – | – | 2 |
| Sáttir *Conciliations* | 187 | 125 | 38 | 4 | 5 | 1 | 6 | 1 | 7 |
| Niðurfelld mál *Cases withdrawn* | 285 | 192 | 45 | 3 | 8 | 8 | 7 | 5 | 17 |
| Sameinuð mál *Cases consolidated* | 18 | 8 | 6 | – | 1 | 1 | 1 | – | 1 |
| **Útivistarmál** | | | | | | | | | |
| ***Default proceedings*** | | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **11.589** | **7.099** | **2.089** | **392** | **196** | **162** | **629** | **313** | **709** |
| Dómar *Judgments* | 426 | 278 | 64 | 9 | 5 | 5 | 23 | 5 | 37 |
| Áritanir *Indorsements* | 8.905 | 5.327 | 1.586 | 337 | 175 | 143 | 512 | 264 | 561 |
| Frávísanir *Dismissals* | 61 | 1 | 2 | 3 | – | 3 | 23 | – | 29 |
| Sáttir *Conciliations* | 1.397 | 1.052 | 208 | 16 | 8 | 4 | 43 | 19 | 47 |
| Niðurfelld mál *Cases withdrawn* | 786 | 441 | 217 | 26 | 7 | 7 | 28 | 25 | 35 |
| Sameinuð mál *Cases consolidated* | 14 | – | 12 | 1 | 1 | – | – | – | – |

**Tafla 5. Opinber mál 2006**
*Table 5. Criminal cases 2006*

| | Fjöldi mála til afgreiðslu *Number of cases before District Courts* | | | | | Hlutfallsleg skipting, % *Percent distribution* | | Skipting mála milli dómstóla, *Distrib. between courts, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls *Total* | Innkomin mál *Cases receivecd* | Eldri mál *Older cases* | Afgreidd *Concluded* | Óafgreidd *Pending* | Afgreidd *Concluded* | Óafgreidd *Pending* | |
| **Opinber mál samtals** | | | | | | | | |
| ***Criminal cases total*** | | | | | | | | |
| **Samtals *Total*** | **7.222** | **6.429** | **793** | **6.631** | **591** | **91,8** | **8,2** | **100,0** |
| Reykjavík *Reykjavik* | 2.553 | 2.308 | 245 | 2.371 | 182 | 92,9 | 7,1 | 35,4 |
| Reykjanes *Reykjanes* | 1.839 | 1.741 | 98 | 1.758 | 81 | 95,6 | 4,4 | 25,5 |
| Vesturland *West* | 503 | 457 | 46 | 436 | 67 | 86,7 | 13,3 | 7,0 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 108 | 65 | 43 | 76 | 32 | 70,4 | 29,6 | 1,5 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 356 | 344 | 12 | 315 | 41 | 88,5 | 11,5 | 4,9 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 497 | 448 | 49 | 469 | 28 | 94,4 | 5,6 | 6,9 |
| Austurland *East* | 250 | 202 | 48 | 232 | 18 | 92,8 | 7,2 | 3,5 |
| Suðurland *South* | 1.116 | 864 | 252 | 974 | 142 | 87,3 | 12,7 | 15,5 |
| **Mál frá ríkissaksóknara** | | | | | | | | |
| ***Criminal cases filed by the Prosecutor General*** | | | | | | | | |
| **Samtals *Total*** | **202** | **155** | **47** | **153** | **49** | **75,7** | **24,3** | **100,0** |
| Reykjavík *Reykjavik* | 100 | 78 | 22 | 76 | 24 | 76,0 | 24,0 | 49,5 |
| Reykjanes *Reykjanes* | 41 | 37 | 4 | 36 | 5 | 87,8 | 12,2 | 20,3 |
| Vesturland *West* | 13 | 7 | 6 | 8 | 5 | 61,5 | 38,5 | 6,4 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 6 | 4 | 2 | 2 | 4 | 33,3 | 66,7 | 3,0 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 5 | 2 | 3 | 4 | 1 | 80,0 | 20,0 | 2,5 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 10 | 8 | 2 | 8 | 2 | 80,0 | 20,0 | 5,0 |
| Austurland *East* | 9 | 6 | 3 | 5 | 4 | 55,6 | 44,4 | 4,5 |
| Suðurland *South* | 18 | 13 | 5 | 14 | 4 | 77,8 | 22,2 | 8,9 |
| **Mál frá lögreglustjórum** | | | | | | | | |
| ***Criminal cases filed by Police Commissioners*** | | | | | | | | |
| **Samtals *Total*** | **7.020** | **6.274** | **746** | **6.478** | **542** | **92,3** | **7,7** | **100,0** |
| Reykjavík *Reykjavik* | 2.453 | 2.230 | 223 | 2.295 | 158 | 93,6 | 6,4 | 34,9 |
| Reykjanes *Reykjanes* | 1.798 | 1.704 | 94 | 1.722 | 76 | 95,8 | 4,2 | 25,6 |
| Vesturland *West* | 490 | 450 | 40 | 428 | 62 | 87,3 | 12,7 | 7,0 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 102 | 61 | 41 | 74 | 28 | 72,5 | 27,5 | 1,5 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 351 | 342 | 9 | 311 | 40 | 88,6 | 11,4 | 5,0 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 487 | 440 | 47 | 461 | 26 | 94,7 | 5,3 | 6,9 |
| Austurland *East* | 241 | 196 | 45 | 227 | 14 | 94,2 | 5,8 | 3,4 |
| Suðurland *South* | 1.098 | 851 | 247 | 960 | 138 | 87,4 | 12,6 | 15,6 |

**Tafla 6. Opinber mál. Hlutfall afgreiddra mála eftir málatíma 1993–2006**

*Table 6. Criminal cases. Proportion of concluded cases by length of proceedings 1993–2006*

| | 0–30 dagar *days* | 31–60 dagar *days* | 61–90 dagar *days* | >03–6 mánuðir *months* | ≥ 6–9 mánuðir *months* | ≥ 9–12 mánuðir *months* | ≥ 1ár |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Mál frá ríkissaksóknara** | | | | | | | |
| ***Criminal cases filed by the Prosecutor General*** | | | | | | | |
| 1993 | 40,9 | 25,2 | 10,5 | 13,1 | 3,3 | 2,8 | 4,3 |
| 1994 | 45,1 | 24,9 | 13,2 | 11,1 | 3,9 | 1,6 | 0,3 |
| 1995 | 32,5 | 29,6 | 14,9 | 16,2 | 3,7 | 1,0 | 2,1 |
| 1996 | 33,8 | 27,7 | 12,9 | 17,3 | 4,7 | 1,6 | 2,1 |
| 1997 | 26,8 | 23,1 | 18,8 | 20,0 | 5,3 | 2,0 | 4,0 |
| 1998 | 16,3 | 20,1 | 17,7 | 27,3 | 8,1 | 2,9 | 7,7 |
| 1999 | 9,3 | 28,7 | 17,6 | 29,6 | 5,6 | 4,6 | 4,6 |
| 2000 | 11,4 | 23,7 | 16,7 | 30,7 | 11,4 | 1,8 | 4,4 |
| 2001 | 8,6 | 13,3 | 17,1 | 44,8 | 10,5 | 2,9 | 2,9 |
| 2002 | 10,5 | 20,2 | 16,1 | 32,3 | 14,5 | 3,2 | 3,2 |
| 2003 | 11,2 | 19,8 | 11,2 | 39,7 | 8,6 | 4,3 | 5,2 |
| 2004 | 10,7 | 15,6 | 16,4 | 36,1 | 14,8 | 4,1 | 2,5 |
| 2005 | 9,9 | 22,5 | 25,2 | 29,7 | 5,4 | 4,5 | 2,7 |
| 2006 | 13,7 | 16,3 | 17,6 | 37,9 | 9,8 | 2,6 | 2,0 |
| **Mál frá lögreglustjórum** | | | | | | | |
| ***Criminal cases filed by Police Commissioners*** | | | | | | | |
| 1993 | 53,3 | 24,4 | 9,1 | 11,9 | 1,0 | 0,3 | 0,0 |
| 1994 | 70,8 | 15,7 | 5,6 | 5,6 | 1,5 | 0,6 | 0,3 |
| 1995 | 63,3 | 22,2 | 7,7 | 4,9 | 0,8 | 0,2 | 0,8 |
| 1996 | 64,4 | 19,6 | 6,8 | 7,2 | 1,0 | 0,3 | 0,8 |
| 1997 | 58,8 | 21,2 | 8,3 | 8,3 | 2,0 | 0,3 | 1,1 |
| 1998 | 59,7 | 19,9 | 5,8 | 10,9 | 2,8 | 0,6 | 0,3 |
| 1999 | 52,0 | 20,6 | 7,9 | 16,1 | 2,3 | 0,5 | 0,6 |
| 2000 | 54,2 | 19,3 | 7,1 | 14,1 | 3,5 | 1,1 | 0,7 |
| 2001 | 33,0 | 17,6 | 20,2 | 23,3 | 3,2 | 1,5 | 1,2 |
| 2002 | 41,5 | 14,0 | 16,7 | 19,2 | 5,3 | 1,7 | 1,5 |
| 2003 | 36,7 | 14,9 | 14,4 | 24,2 | 6,8 | 1,6 | 1,4 |
| 2004 | 68,2 | 16,1 | 5,9 | 7,8 | 1,3 | 0,4 | 0,3 |
| 2005 | 64,6 | 14,7 | 5,9 | 11,6 | 2,3 | 0,5 | 0,4 |
| 2006 | 67,7 | 15,1 | 7,0 | 7,5 | 1,7 | 0,6 | 0,5 |

**Tafla 7. Opinber mál. Afgreiðsla mála 2006**
*Table 7. Outcome of criminal cases 2006*

| | Alls *Total* | Reykjavík *Reykjavík* | Reykjanes *Reykjanes* | Vesturland *West* | Vestfirðir *Westfjords* | Norðurland vestra *Northwest* | Norðurland eystra *Northeast* | Austurland *East* | Suðurland *South* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Mál frá ríkissaksóknara** | | | | | | | | | |
| **Samtals *Total*** | **153** | **76** | **36** | **8** | **2** | **4** | **8** | **5** | **14** |
| Dómar *Judgments* | 144 | 74 | 33 | 7 | 2 | 4 | 7 | 5 | 12 |
| Sektargerðir dómara *Conclusions by fine without judgment* | 2 | – | 1 | – | – | – | – | – | 1 |
| Frávísanir *Dismissals* | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Niðurfelldar ákærur *Indictments withdrawn* | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Endursendar ákærur *Indictments returned* | 1 | – | – | – | – | – | – | – | 1 |
| Afturköllun eftir úthlutun *Revocations after assignment* | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Afturköllun fyrir úthlutun *Revocations before assignment* | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Sameinaðar ákærur *Joinder of indictments* | 6 | 2 | 2 | 1 | – | – | 1 | – | – |
| Sundurskilin mál *Severance of indictments* | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| **Mál frá lögreglustjórum** | | | | | | | | | |
| **Samtals *Total*** | **6.478** | **2.295** | **1.722** | **428** | **74** | **311** | **461** | **227** | **960** |
| Dómar *Judgments* | 1.788 | 745 | 342 | 104 | 46 | 52 | 195 | 68 | 236 |
| Sektargerðir dómara *Conclusions by fine without judgment* | 479 | 242 | 119 | 21 | 12 | – | 23 | 10 | 52 |
| Frávísanir *Dismissals* | 4 | 1 | 1 | – | 1 | – | – | – | 1 |
| Niðurfelldar ákærur *Indictments withdrawn* | 15 | 6 | 3 | – | 1 | – | 4 | 1 | – |
| Endursendar ákærur *Indictments returned* | 39 | 17 | 7 | – | – | – | 1 | – | 14 |
| Afturköllun eftir úthlutun *Revocations after assignment* | 164 | 16 | 55 | 14 | 2 | 15 | 28 | – | 34 |
| Afturköllun fyrir úthlutun *Revocations before assignment* | 1 | 1 | – | – | – | – | – | – | – |
| Sameinaðar ákærur *Joinder of indictments* | 207 | 107 | 44 | 8 | 4 | 1 | 28 | – | 15 |
| Sektarboð *Fine notices:* | | | | | | | | | |
| Árituð *Indorsements* | 3.606 | 1.149 | 1.056 | 275 | 8 | 241 | 149 | 138 | 590 |
| Afturkölluð *Revocations* | 169 | 11 | 91 | 6 | – | 2 | 33 | 9 | 17 |
| Áritun hafnað *Dismissals* | 6 | – | 4 | – | – | – | – | 1 | 1 |

**Tafla 8. Kröfur um gjaldþrotaskipti 2006**
*Table 8. Bankruptcy petitions 2006*

| | Fjöldi krafna til afgreiðslu *Number of petitions before District Courts* | | | | | Hlutfallsleg skipting, % *Percent distribution* | | Skipting mála milli dómstóla *Distribution between courts, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls *Total* | Innkomin mál *Cases received* | Eldri mál *Older cases* | Afgreidd *Concluded* | Óafgreidd *Pending* | Afgreidd *Concluded* | Óafgreidd *Pending* | |
| **Samtals gjaldþrotaskipti** | | | | | | | | |
| ***Bankruptcy petitions total*** | | | | | | | | |
| **Samtals *Total*** | **2.019** | **1.708** | **311** | **1.649** | **370** | **81,7** | **18,3** | **100,0** |
| Reykjavík *Reykjavík* | 1.187 | 957 | 230 | 924 | 263 | 77,8 | 22,2 | 58,8 |
| Reykjanes *Reykjanes* | 418 | 384 | 34 | 360 | 58 | 86,1 | 13,9 | 20,7 |
| Vesturland *West* | 54 | 47 | 7 | 50 | 4 | 92,6 | 7,4 | 2,7 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 63 | 47 | 16 | 58 | 5 | 92,1 | 7,9 | 3,1 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 27 | 26 | 1 | 19 | 8 | 70,4 | 29,6 | 1,3 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 92 | 87 | 5 | 78 | 14 | 84,8 | 15,2 | 4,6 |
| Austurland *East* | 77 | 66 | 11 | 71 | 6 | 92,2 | 7,8 | 3,8 |
| Suðurland *South* | 101 | 94 | 7 | 89 | 12 | 88,1 | 11,9 | 5,0 |
| **Einstaklingar** | | | | | | | | |
| ***Individuals persons*** | | | | | | | | |
| **Samtals *Total*** | **432** | **374** | **58** | **350** | **82** | **81,0** | **19,0** | **100,0** |
| Reykjavík *Reykjavík* | 213 | 184 | 29 | 160 | 53 | 75,1 | 24,9 | 49,3 |
| Reykjanes *Reykjanes* | 96 | 80 | 16 | 84 | 12 | 87,5 | 12,5 | 22,2 |
| Vesturland *West* | 21 | 19 | 2 | 19 | 2 | 90,5 | 9,5 | 4,9 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 20 | 17 | 3 | 19 | 1 | 95,0 | 5,0 | 4,6 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 10 | 10 | – | 5 | 5 | 50,0 | 50,0 | 2,3 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 23 | 21 | 2 | 18 | 5 | 78,3 | 21,7 | 5,3 |
| Austurland *East* | 19 | 16 | 3 | 18 | 1 | 94,7 | 5,3 | 4,4 |
| Suðurland *South* | 30 | 27 | 3 | 27 | 3 | 90,0 | 10,0 | 6,9 |
| **Lögaðilar *Legal persons*** | | | | | | | | |
| **Samtals *Total*** | **1.587** | **1.334** | **253** | **1.299** | **288** | **81,9** | **18,1** | **100,0** |
| Reykjavík *Reykjavík* | 974 | 773 | 201 | 764 | 210 | 78,4 | 21,6 | 61,4 |
| Reykjanes *Reykjanes* | 322 | 304 | 18 | 276 | 46 | 85,7 | 14,3 | 20,3 |
| Vesturland *West* | 33 | 28 | 5 | 31 | 2 | 93,9 | 6,1 | 2,1 |
| Vestfirðir *Westfjords* | 43 | 30 | 13 | 39 | 4 | 90,7 | 9,3 | 2,7 |
| Norðurland vestra *Northwest* | 17 | 16 | 1 | 14 | 3 | 82,4 | 17,6 | 1,1 |
| Norðurland eystra *Northeast* | 69 | 66 | 3 | 60 | 9 | 87,0 | 13,0 | 4,3 |
| Austurland *East* | 58 | 50 | 8 | 53 | 5 | 91,4 | 8,6 | 3,7 |
| Suðurland *South* | 71 | 67 | 4 | 62 | 9 | 87,3 | 12,7 | 4,5 |

**Tafla 9. Afgreiðsla krafna um gjaldþrotaskipti 2006**
*Table 9. Conclusion of petitions for bankruptcy 2006*

| | Alls *Total* | Reykja-vík *Reykja-vík* | Reykja-nes *Reykja-nes* | Vestur-land *West* | Vest-firðir *West-fjords* | Norður-land vestra *North-west* | Norður-land eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Einstaklingar og lögaðilar** | | | | | | | | | |
| ***Individuals and legal persons*** | | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **1.649** | **924** | **360** | **50** | **58** | **19** | **78** | **71** | **89** |
| Úrskurðir *Bankruptcy orders* | 681 | 336 | 143 | 32 | 37 | 11 | 41 | 47 | 34 |
| Kröfulýsing framsend *Claims forw.* | 11 | – | – | – | 10 | – | – | 1 | – |
| Beiðnum hafnað *Petitions rejected* | 3 | 1 | – | – | – | – | – | – | 2 |
| Frávísanir *Dismissals* | 12 | 7 | 1 | – | – | 3 | – | – | 1 |
| Afturköllun *Petitions revoked* | 821 | 473 | 208 | 17 | 10 | 5 | 36 | 23 | 49 |
| Birting tókst ekki | | | | | | | | | |
| *Unsuccessful service of process* | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Beiðnir framsendar öðrum dómstólum | | | | | | | | | |
| *Petitions forwarded to other courts* | 36 | 25 | 8 | 1 | 1 | – | 1 | – | – |
| Sameinað *Joinder of petitions* | 85 | 82 | – | – | – | – | – | – | 3 |
| **Einstaklingar** ***Private*** | | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **350** | **160** | **84** | **19** | **19** | **5** | **18** | **18** | **27** |
| Úrskurðir *Bankruptcy orders* | 115 | 41 | 25 | 8 | 10 | 2 | 9 | 12 | 8 |
| Kröfulýsing framsend *Claims forw.* | 2 | – | – | – | 2 | – | – | – | – |
| Beiðnum hafnað *Petitions rejected* | 1 | – | – | – | – | – | – | – | 1 |
| Frávísanir *Dismissals* | 4 | 3 | – | – | – | 1 | – | – | – |
| Afturköllun *Petitions revoked* | 218 | 106 | 59 | 11 | 7 | 2 | 9 | 6 | 18 |
| Birting tókst ekki | | | | | | | | | |
| *Unsuccessful service of process* | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Beiðnir framsendar öðrum dómstólum | | | | | | | | | |
| *Petitions forwarded to other courts* | 5 | 5 | – | – | – | – | – | – | – |
| Sameinað *Joinder of petitions* | 5 | 5 | – | – | – | – | – | – | – |
| **Lögaðilar** ***Legal persons*** | | | | | | | | | |
| **Samtals** ***Total*** | **1.299** | **764** | **276** | **31** | **39** | **14** | **60** | **53** | **62** |
| Úrskurðir *Bankruptcy orders* | 566 | 295 | 118 | 24 | 27 | 9 | 32 | 35 | 26 |
| Kröfulýsing framsend *Claims forw.* | 9 | – | – | – | 8 | – | – | 1 | – |
| Beiðnum hafnað *Petitions rejected* | 2 | 1 | – | – | – | – | – | – | 1 |
| Frávísanir *Dismissals* | 8 | 4 | 1 | – | – | 2 | – | – | 1 |
| Afturköllun *Petitions revoked* | 603 | 367 | 149 | 6 | 3 | 3 | 27 | 17 | 31 |
| Birting tókst ekki | | | | | | | | | |
| *Unsuccessful service of process* | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| Beiðnir framsendar öðrum dómstólum | | | | | | | | | |
| *Petitions forwarded to other courts* | 31 | 20 | 8 | 1 | 1 | – | 1 | – | – |
| Sameinað *Joinder of petitions* | 80 | 77 | – | – | – | – | – | – | 3 |

## Tafla 10. Opinber skipti á dánarbúum o.fl. Fjöldi innkominna beiðna 2006

*Table 10. Public administration of estates of deceased persons, etc. Number of petitions received 2006*

| | Alls *Total* | Reykja-vík *Reykja-vík* | Reykja-nes *Reykja-nes* | Vestur-land *West* | Vest-firðir *West-fjords* | Norður-land vestra *North-west* | Norður-land eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samtals** ***Total*** | **119** | **51** | **25** | **7** | **3** | **6** | **13** | **3** | **11** |
| Dánarbú *Estates of deceased persons* | 76 | 36 | 13 | 5 | 2 | 2 | 9 | 2 | 7 |
| Fjárslit hjóna *Settlement of property between spouses* | 27 | 8 | 7 | 2 | 1 | 4 | 3 | – | 2 |
| Fjárslit sambúðarfólks *Settlement of property between cohabiting partners* | 15 | 6 | 5 | – | – | – | 1 | 1 | 2 |
| Slit félaga *Liquidation of companies* | 1 | 1 | – | – | – | – | – | – | – |

## Tafla 11. Rannsóknarúrskurðir. Fjöldi innkominna mála 1993–2006

*Table 11. Criminal investigation court orders. Received cases 1993–2006*

| | Gæsluvarðhald *Detentive custody* | Húsleit *Search warrants* | Handtaka *Arrest* | Annað *Other* |
|---|---|---|---|---|
| 1993 | 137 | 133 | 6 | 50 |
| 1994 | 121 | 111 | 6 | 54 |
| 1995 | 118 | 125 | 1 | 57 |
| 1996 | 180 | 118 | 4 | 52 |
| 1997 | 212 | 114 | 4 | 110 |
| 1998 | 129 | 95 | 3 | 113 |
| 1999 | 185 | 122 | 3 | 308 |
| 2000 | 228 | 109 | 7 | 374 |
| 2001 | 209 | 127 | 3 | 430 |
| 2002 | 243 | 132 | 6 | 461 |
| 2003 | 174 | 150 | 4 | 433 |
| 2004 | 237 | 162 | 5 | 536 |
| 2005 | 221 | 166 | 4 | 552 |
| 2006 | 302 | 190 | 3 | 680 |

## Tafla 12. Aðfararbeiðnir o.fl. Fjöldi innkominna beiðna 2006

*Table 12. Enforcement petitions, etc. before District Courts. Number of petitions received 2006*

| | Alls *Total* | Reykjavík *Reykjavík* | Reykjanes *Reykjanes* | Vesturland *West* | Vestfirðir *West-fjords* | Norður-land vestra *Northwest* | Norður-land eystra *Northeast* | Austurland *East* | Suðurland *South* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samtals** ***Total*** | **645** | **401** | **140** | **16** | **6** | **6** | **18** | **16** | **42** |
| Fjárnám Executions *(on money judgements)* | 311 | 214 | 51 | 7 | 2 | 3 | 8 | 7 | 19 |
| Útburður *Evictions* | 231 | 130 | 61 | 6 | 2 | 3 | 8 | 8 | 13 |
| Innsetning *Dispossessions* | 94 | 52 | 28 | 3 | 2 | – | 2 | – | 7 |
| Annað *Other* | 9 | 5 | – | – | – | – | – | 1 | 3 |

**Tafla 13. Ágreiningsmál um fullnustugerðir. Fjöldi innkominna mála 2006**
*Table 13. Special court cases regarding disputes concerning enforcement actions, etc. Number of cases received 2006*

| | Alls *Total* | Reykja-vík *Reykja-vík* | Reykja-nes *Reykja-nes* | Vestur land *West* | Vest-firðir *West-fjords* | Norður-land vestra *North-west* | Norður-land eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samtals** ***Total*** | **108** | **36** | **24** | **4** | **2** | **9** | **13** | **4** | **16** |
| Ágreiningsmál vegna *Disputes concerning*: | | | | | | | | | |
| Kyrrsetningar/lögbanns *Attachments/injunctions* | 7 | 6 | 1 | – | – | – | – | – | – |
| Skipta á dánarbúum o.fl. *Estates of deceased pers., etc.* | 28 | 9 | 7 | 1 | – | 4 | 4 | 2 | 1 |
| Þinglýsinga *Registrations of property* | 15 | 1 | 3 | 1 | 1 | – | 8 | – | 1 |
| Gjaldþrotaskipta *Bankruptcies* | 19 | 10 | 3 | – | 1 | – | 1 | 1 | 3 |
| Aðfarargerða o.fl. *Executions, etc.* | 23 | 8 | 9 | 1 | – | 2 | – | 1 | 2 |
| Nauðungarsölu *Forced auctions* | 16 | 2 | 1 | 1 | – | 3 | – | – | 9 |

**Tafla 14. Aðrir málaflokkar. Fjöldi innkominna mála 2006**
*Table 14. Other matters before District Courts. Number of cases received 2006*

| | Alls *Total* | Reykja-vík *Reykja-vík* | Reykja-nes *Reykja-nes* | Vestur land *West* | Vest-firðir *West-fjords* | Norður-land vestra *North-west* | Norður-land eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samtals** ***Total*** | **534** | **323** | **99** | **13** | **5** | **8** | **47** | **11** | **28** |
| Bráðabirgðaforsjá og farbann *Temporary custody of children and restriction of travel* | 29 | 17 | 8 | – | – | 1 | – | 2 | 1 |
| Greiðslustöðvunarbeiðnir *Petitions for moratorium* | 3 | 1 | – | – | – | 1 | 1 | – | – |
| Matsbeiðnir *Petitions for appraisals* | 306 | 199 | 48 | 6 | 2 | 3 | 27 | 7 | 14 |
| Nauðasamningsumleitanir *Petitions for composition* | 10 | 2 | 3 | – | 2 | – | 1 | – | 2 |
| Sjópróf *Maritime inquiries* | 3 | – | 2 | – | – | – | – | – | 1 |
| Vitnamál *Witness testimony* | 46 | 29 | 9 | 3 | – | – | 5 | – | – |
| Skv. lögum um gerðardóma *Cases acc. to the Arbitration Act* | 13 | 5 | 4 | 2 | – | – | – | – | 2 |
| Lögræðismál *Cases of legal competence* | 99 | 53 | 18 | 2 | 1 | 3 | 13 | 2 | 7 |
| Flýtimeðferð o.fl. *Priority procedure of civil cases* | 12 | 9 | 3 | – | – | – | – | – | – |
| Barnaverndarmál *Child protection cases* | 13 | 8 | 4 | – | – | – | – | – | 1 |

## Summary

There are eight District Courts in the Icelandic jurisdictional system. The tables show legal proceedings in 2006, the number of cases received, the number of cases concluded and pending, and the outcome of concluded cases. District Court cases can be divided into two main categories; civil cases and criminal cases. Tables 2–4 show civil cases, both orally pleaded and pleaded on the basis of default. Tables 5–7 show criminal cases, filed by the Prosecutor General and by Police commissioners. Other tables show various cases and petitions, e.g. the number and outcome of bankruptcy petitions against induviduals and legal persons.

A total of 12,787 civil cases were concluded in District Courts in 2006. The number of concluded cases increased significantly in the years 2001–2003 in comparison with other years. The number of criminal cases concluded at the District Courts in 2006 was 6,631, whereof 98% came from the Police Commissioners and 1–2% came from the Prosecutor General. A total of 681 bankruptcies were decreed by the District Courts, whereof 115 cases were bankruptcy petitions against individuals and 566 against legal persons.

Data for the years 1993–2006 are available under statistics on the website of Statistics Iceland, www.statice.is



Hagtíðindi Statistical Series

Félags- heilbrigðis- og dómsmál
*Health, social affairs, justice*

92. árgangur nr. 12 — 2007:2

ISSN 0019–1078 — ISSN 1670–4673 (pappír *paper*) • ISSN 1670–4681 (pdf)

Verð ISK 800 *Price EUR 11*



Umsjón *Supervision* Edda Hermannsdóttir • edda.hermannsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

afgreidsla@hagstofa.is



© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*



www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*